

*Frv. til laga um eldi vatnafiska.  
Þskj 879 – 595 mál, Alþingi 2005 – 2006.*

Í 6. gr. frumvarpsins segir m.a. „Við ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta laxfiskastofna og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum.“ Þau göfugu markmið sem tilgreind eru í 6. gr. koma hinsvegar ekki fram í 1. gr. frumvarpsins þar sem markmiðin eiga að vera skilgreind. Lagt er til að 1. gr. laganna verði eitthvað á þessa leið:

*Markmið laga þessara eru skilyrði til uppbyggingar eldis vatnafisks og verndun viltra laxfiskastofna gegn fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi viltra ferskvatnsfiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.*

Hér hefur textinn „og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu“ verið felldur út því að til þeirrar setningar virðist hvergi vera vísað til í frumvarpinu. Þess í stað hafa þau göfugu markmið sem fram koma í 6. grein verið færð inn á réttann stað í frumvarpinu.